

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 14. nóvember 2014 í máli nr. E-2923/2013:

A

(Kári Hólmur Ragnarsson hdl.)

gegn

Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda

(Bjarni Þór Óskarsson hrl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 2. október sl., var höfðað 26. júní 2013 þegar málið var þingfest og stefnda afhent stefna. Stefnandi er A en stefndi er Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda Borgartúni 29 í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess aðallega að viðurkenndur verði réttur hennar til fulls örorkulífeyris frá stefnda, Söfnunarsjóði Lífeyrisréttinda, miðað við 100% starfsorkuskerðingu í samræmi við ákvæði laga nr. 155/1998 frá 31. ágúst 2006 til þingfestingardags.

Til vara krefst stefnandi ógildingar á ákvörðun stefnda, upphaflega frá 17. janúar 2007, ásamt síðari breytingum, sem áréttuð var með bréfi til stefnanda dags. 15. febrúar 2013 þess efnis að réttur stefnanda til örorkulífeyris frá stefnda miðist við 50% starfsorkuskerðingu frá 1. ágúst 2006 til 31. desember 2009 en 75% frá 1. janúar 2010.

Í báðum tilvikum krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi .

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Atvik máls og ágreiningsefni

Stefnandi, sem starfaði í reikningshaldsdeild SPRON, lét af störfum haustið 2006 vegna veikinda. Stefnandi er sjóðfélagi í stefnda og greiddi iðgjöld til hans á

meðan hún var á vinnumarkaði. Hún sótti um örorkulífeyri 17. október 2006. Umsókninni fylgdi m.a. læknisvottorð frá Árna S. Gunnarssyni heimilislækni, dagsett 22. ágúst 2006, þar sem sjúkrasögu stefnanda er lýst.

Að beiðni stefnda mat Júlíus Valsson, trúnaðarlæknir stefnda, orkutap stefnanda. Í matsgerð hans frá 17. janúar 2007 var niðurstaða hans sú að starfsorkutap stefnanda til fyrri starfa væri 50% frá 31. ágúst 2006 og að endurmeta ætti niðurstöðuna í ágúst 2008.

Stefndi hóf að greiða stefnanda örorkulífeyri 1. desember 2006 og byggði á ofangreindri matsgerð trúnaðarlæknisins varðandi hundraðshluta orkutapsins og tímasetningu. Trúnaðarlæknir endurmat starfsorkuskerðingu stefnanda 21. júlí 2008 og aftur 16. september 2008 sem leiddi ekki til breytinga á mati á starfsorkuskerðingu stefnanda. Byggt var á sömu gögnum að viðbættu nýju læknisvottorði frá heimilislækni stefnanda dags. 14. júlí 2008 og greinargerð hennar dags. 2. september 2009. Stefnandi kveðst ekki hafa vitað af tilvist matsgerðarinnar frá 21. júní 2008 fyrr en á árinu 2013. Þá fór endurmat fram á ný 18. febrúar 2010. Í þeirri matsgerð er getið framangreindra læknisvottorða auk vottorða frá Sigríði Þ. Valtýsdóttur frá 4. desember 2009 og vottorðs Guðrúnar Rósu Sigurðardóttur frá 11. desember 2009. Sami trúnaðarlæknirinn og vann fyrstu álitsgerðina stóð að síðari mötum án þess að hitta stefnanda. Mat á starfsorkuskerðingu var óbreytt.

Annar trúnaðarlæknir, Guðmundur Björnsson, endurmat starfsorku stefnanda í mars 2010 og af því tilefni skoðaði hann stefnanda. Í álitsgerð hans frá 12. apríl 2010 er niðurstaða hans sú að örorka stefnanda til fyrri starfa og almennra starfa sé 50% frá 31. ágúst 2008 og 75% frá 1. janúar 2010 og endurmat skuli fara fram í janúar 2011. Annað mat sama læknis fór fram 18. nóvember 2010 og er niðurstaðan sú sama og í matinu frá aprílmánuði það ár og að endurmat skuli fara fram í janúar 2012.

Stefnandi kveðst hafa ritað fjölmörg bréf til stefnda á árunum 2007 til 2010 þar sem ýmist sé óskað eftir upplýsingum, gögnum og/eða endurmati á starfsorkuskerðingu. Með bréfum dags. 30. desember 2010 og 7. febrúar 2011 ítrekaði hún fyrri beiðnir sínar um endurmat á málinu. Erindinu var svarað af trúnaðarlækni stefnda sem svarað framangreindu erindi stefnanda frá 7. febrúar 2011 með bréfi, dags. 21. febrúar s.á. Stefnandi var ekki sátt við þau svör og óskaði nánari rökstuðnings fyrir þeirri niðurstöðu trúnaðarlæknisins að starfsorkuskerðing hennar væri 75% frá 1. janúar 2010. Sjálf taldi stefnandi að matið ætti að vera hærra, hún hafi alveg verið frá vinnu og óvinnufær í reynd að eigin mati og samkvæmt mati þeirra lækna sem best þekktu heilsufar hennar. Trúnaðarlæknir sjóðsins svaraði framangreindu bréfi stefnanda með bréfi dags. 4. apríl 2011 þar sem fyrri afstaða hans er ítrekuð.

Í stefnu er lýst nánar samskiptum aðila vegna ágreinings þessa og fleiri aðila sem komu að málinu fyrir hönd stefnanda. Af samskiptum aðila máls má ráða að stefndi hefur vísað erindum stefnanda sem lúta að mati á starfsorkuskerðingu til trúnaðarlæknis síns og falið honum að svara stefnanda.

Síðasta mat á starfsorkuskerðingu stefnanda sem fyrir liggur í málinu er frá 6. febrúar 2012. Niðurstaðan er óbreytt frá síðasta mati.

Í september 2011 kvartaði stefnandi til umboðsmanns Alþingis yfir afgreiðslu stefnda og málsmeðferð. Umboðsmaður lauk málinu þann 7. nóvember 2012 með álit nr. 6620/2011. Niðurstaða umboðsmanns er byggð á þeirri forsendu að stefndi sé stjórnvald og beri að gæta meginreglna stjórnsýsluréttar og ákvæða laga nr. 37/1993 við undirbúning og töku ákvarðana um lífeyrisgreiðslur til stefnanda. Taldi hann málsmeðferð stefnda hafa í nokkrum atriðum farið í bága við framangreindar reglur. Taldi umboðsmaður brotin felast í því að ákvarðanir stefnda hefðu falið í sér ólögmaett valdframsal til einkaaðila, þ.e. trúnaðarlækna, stefnanda hafi hvorki verið verið veittur fullnægjandi rökstuðningur né aðgangur að gögnum málsins. Þá tók hann fram í niðurstöðu sinni að hugsanlega sé stefnda skylt að veita aðila máls andmælarétt áður en ákvörðun er tekin í málum sem varða örorku sjóðfélaga. Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til stefnda að hann tæki mál stefnanda til meðferðar að nýju kæmi fram ósk um það. Sú beiðni barst stefnda þann 14. nóvember 2012. Af því tilefni sendi stefndi stefnanda öll gögn málsins og gaf henni kost á að koma að frekari gögnum eða athugasemdum áður en ákvörðun yrði tekin í málinu. Stefnandi svaraði með bréfi 17. janúar 2013 en lagði ekki fram frekari gögn. Ákvörðun stefnda var tilkynnt henni með bréfi dagsettu 15. febrúar. Niðurstaða stefnda var sú að starforkuskerðing stefnanda væri réttilega ákvörðuð í fyrri afgreiðslum sjóðsins, þannig að hún væri 50% frá 31. ágúst 2006 til 31. desember 2009 en 75% eftir það. Jafnframt tók stefndi fram að hann teldi að rétt hefði verið að málum staðið alla tíð og upplýsti jafnframt að stefndi féllist ekki á álit umboðsmanns Alþingis að því er varðar niðurstöðu hans um að stefndi væri stjórnvald.

Fyrir liggur í málinu að stefnandi stundaði nám við Háskóla Íslands á árunum 2004 til 2013. Hún lauk B.Ed. prófi í grunnskólakennarafræði í júní 2008, viðbótardiplóma í náms- og starfsráðgjöf í júní 2012 og í fötlunarfræðum í febrúar 2012 auk þess sem hún lagði stund á uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á nám fullorðinna á árunum 2012-2013. Stefnandi naut sérúrræða við próftöku vegna veikinda sinna. Tryggingastofnun ríkisins mat örorku stefnanda 75% frá 1. apríl 2010 en áður hafði örorka hennar verið metin 50% frá 1. mars 2008. Þá var stefnandi í hálfu starfi sem náms- og starfsráðgjafi frá janúar 2012 til júlí 2013. Í skýrslutöku fyrir dómi kvaðst stefnandi hafa unnið í fullu starfi við bókhald frá því í júní á síðasta ári en til staði að lækka starfshlutfallið niður í hálfu starf í nóvember.

Stefnandi og Sigurbjörn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri stefnda, gáfu bæði aðilaskýrslu fyrir dómi. Auk þess gáfu skýrslu sem vitni lækarnir Júlíus Valsson, Guðmundur Björnsson, Guðrún Rósa Sigurðardóttir og Þorvaldur Jón Löve.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að málsmeðferð stefnda, varðandi ákvörðun um fjárhæð örorkulífeyris hennar, hafi frá upphafi verið haldin verulegum annmörkum og verið í andstöðu við lög sem gilda um starfsemi og ákvarðanir stefnda, bæði hvað varðar form og efni. Ákvarðanir stefnda hafi því verið ólögmaetar. Felist gallar á málsmeðferð í því að stefndi hafi falið utanaðkomandi aðila, trúnaðarlækni, ákvörðunarvald í máli stefnanda, ekki rannsakað mál hennar með fullnægjandi

hætti, litið fram hjá gögnum sem ekki hentuðu niðurstöðu hans og almennt virt að vettugi flestar þær málsmeðferðarreglur sem gildi um ákvarðanir hans. Stefnnda sé ætlað að tryggja stefnanda rétt til framfærslu, sem sé grundvallarréttur hennar og í því skyni hafi stefnandi greitt iðgjöld til stefnda. Þegar til kastanna kom hafi stefndi hins vegar úthlutað úr sínum sjóðum eftir allt öðrum reglum en löggjafinn hafi sett og málsmeðferð hans í raun stjórnast af geðþótta og hentugleika stefnda. Stefnandi hafi ítrekað reynt að leita réttar síns á fyrri stigum málsins, án árangurs. Stefnandi krefjist þess í málinu að viðurkenndur verði réttur hennar til fulls örorkulífeyris úr hendi stefnda en til vara að viðurkennt verði að ákvörðun stefnda um að miða við 50% og síðar 75% orkuskerðingu sé ólögmat.

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi verið bundinn af form- og efnisreglum stjórnarsýsluréttar við ákvarðanatöku um rétt stefnanda. Stefnandi sé stjórnvald í skilningi laga. Stefnnda hafi verið komið á fót með sérstökum lögum, sjóðurinn sé sérstök opinber stofnun sem lúti sjálfstæðri ráðherraskipaðri stjórn sem fari með tiltekin réttindi og skyldur einstaklinga sem lög um söfnunarsjóðinn taka til. Sérstaklega sé bent á að hlutverk sjóðsins sé að nokkru leyti frábrugðið hlutverki annarra sjóða, einkum vegna þess að hann gegni því lagalega og samfélagslega hlutverki að vera skyldubundinn sjóður allra þeirra sem ekki eigi aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Einnig hafi löggjafinn lagt þá kvöð á sjóðinn að innheimta iðgjöld einstaklinga þegar ekki liggi fyrir hvaða lífeyrissjóði þeir tilheyra. Stefnandi teljist því hluti af framkvæmdarvaldi ríkisins og ákvarðanir hans séu stjórnvaldsákvarðanir. Sú niðurstaða sé studd álitum umboðsmanns Alþingis í málum 5018/2007 og 6620/2011.

Jafnvel þótt ekki yrði fallist á að stefndi sé stjórnvald byggir stefnandi á því að hann sé allt að einu bundinn af reglum stjórnarsýsluréttar þar sem kveðið sé á um það í 1. mgr. 30. gr. samþykpta stefnda, auk þess sem almennar reglur leiði til þess, að reglur stjórnarsýsluréttar gildi um stefnda þegar honum hefur með lögum verið falið að taka ákvörðun um réttindi og skyldur sjóðfélaga.

Nánar tiltekið byggir stefnandi á því að stefndi hafi ekki rannsakað mál hennar með fullnægjandi hætti og þannig brotið gegn 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Brotið felist í því að hafa ekki rannsakað málið sjálfstætt heldur hafa lagt ákvörðunarvaldið í hendur utanaðkomandi aðila. Þá hafi önnur gögn en álit trúnaðarlæknis ekki verið könnuð. Þá felist sjálfstætt brot í því að sá aðili sem tók ákvörðunina, trúnaðarlæknir stefnda, hafi ekki hitt stefnanda fyrr en löngu eftir að hin upprunalega ákvörðun hafi verið tekin og hafi því heilsufar hennar og starfsorka því í raun alls ekki verið rannsökuð. Í 4. mgr. 11. gr. laga nr. 155/1998 er gerð grein fyrir þeim upplýsingum sem ákvörðun stefnda um örorku skal byggjast á. Í bréfi stefnda 8. júlí 2011 komi fram að stefndi hafi ekki haft undir höndum gögn frá trúnaðarlækni, gögn sem ákvörðunin skuli lögum samkvæmt byggjast á. Stefnandi virðist algerlega hafa falið trúnaðarlækni sjóðsins ákvörðunarvald í málinu. Slíkt sé ekki í samræmi við lög svo sem útskýrt hafi verið. Þar sem stefndi aflaði ekki nauðsynlegra gagna, og ekki einu sinni þeirra gagna sem stefnda er beinlínis skylt að afla og líta til skv. 4. mgr. 11. gr. laga nr. 155/1998, verði að telja að um brot á rannsóknarreglu hafi verið að ræða. Álit trúnaðarlæknis sé einungis eitt þeirra gagna sem stefnda sé lögskylt að afla og líta til við ákvörðun skv. 4. mgr. 11. gr. laga nr. 155/1998. Samkvæmt almennum reglum sé stefnda skylt að meta gögnin heildstætt og málefnalega og taka að því búnu ákvörðun. Slíkt hafi augljóslega ekki verið gert.

Í öðru lagi byggir stefnandi á því að stefndi hafi framselt vald með ólögsmætum hætti með því að fela trúnaðarlækni að taka ákvarðanir um örorku stefnanda og bótarétt hennar en það hafi stefndi gert með því að leggja niðurstöðu hans sjálfkrafa til grundvallar ákvörðun um greiðslur úr sjóðnum í stað þess að taka sjálfstæða afstöðu til málsins. Valdframsal sé óheimilt nema skýr lagaheimild liggji því til grundvallar en engin slík lagaheimild sé til staðar. Samkvæmt 11. gr. laga nr. 155/1998 sé trúnaðarlæknir lögbundinn álitsgjafi en hafi ekki ákvörðunarvald. Þegar af þeirri ástæðu sé ákvörðun stefnda ólögsmæt og ógild.

Í þriðja lagi hafi andmælaréttur stefnanda ekki verið virtur. Í því felst brot á 13. gr. stjórnarsýslulaganna. Samkvæmt ákvæðinu beri að gefa málsaðila færi á að kynna sér nýjar upplýsingar sem kunni að koma fram í máli hans og tjá sig um þær. Áður en slíkur andmælaréttur er veittur sé óheimilt að taka ákvörðun í málinu. Stefnanda hafi ekki verið gefið færi á því að tjá sig um álit trúnaðarlæknis áður en ákvörðun hafi verið tekin í máli stefnanda. Umrætt álit hafi að því er virðist grundvallarþýðingu í málinu og því sé sérstaklega ámælisvert að stefnandi hafi ekki fengið upplýsingar um það eða tækifæri til að taka afstöðu til álitsins. Stefnanda hafi heldur ekki verið tilkynnt um ákvarðanir, hann hafi ekki verið upplýstur um gögn sem hafi borist né fengið þau afhent þrátt fyrir kröfur þar að lútandi. Við meðferð málsins hafi stefnandi ítrekað lent í þeirri stöðu að fá ekki aðgang að gögnum málsins frá stefnda, ýmist vegna þess að stefndi svaraði ekki erindum stefnanda eða vegna þess að stefndi virðist ekki hafa haft undir höndum öll gögn málsins. Á fyrri stigum hefur stefndi staðfest sérstaklega að það að stefndi hafi ekki öll gögn undir höndum sé beinlínis „vinnuregla“ hjá stefnda. Þetta teljist verulegur annmarki á ákvörðunum stefnda, enda ljóst að hafi stefndi ekki gögn málsins undir höndum hafi hann heldur ekki rannsakað málið svo sem honum sé skylt. Jafnframt sé ljóst að stefndi geti ekki byggt ákvarðanir sínar á réttum grunni þar sem hann hafi ekki byggt þær á gögnum. Þar að auki teljist það sjálfstætt málsmeðferðarbrot gagnvart stefnda að hafa ekki veitt stefnanda aðgang að gögnum, sbr. m.a. 15.-19. gr. stjórnarsýslulaga. Þrátt fyrir síendurtekin bréfaskipti yfir margra ára tímabil þar sem m.a. hafi ítrekað verið krafist aðgangs að öllum gögnum málsins hafi enn verið að koma fram gögn sem stefnandi hafi aldrei séð áður með bréfum stefnda til stefnanda á árinu 2013.

Í fjórða lagi hafi stefndi ekki sinnt skyldu sinni til þess að veita stefnanda rökstuðning, sbr. m.a. 21. gr. stjórnarsýslulaga og 5. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Það eina sem stefndi hafi gert í þessu samhengi hafi verið að vísa stefnanda á trúnaðarlækni þann sem hafði gefið álit í málinu. Óheimilt og ólögsmætt hafi verið að synja stefnda um rökstuðning og vísa þess í stað beiðni þar að lútandi til trúnaðarlæknis. Brot þetta sé alvarlegur annmarki á málsmeðferð stefnda og styðji einnig málatilbúnað stefnanda um önnur brot gegn málsmeðferðarreglum.

Í fimmta lagi hafi stefndi ekki sinnt tilkynningarskyldu sinni og leiðbeiningarskyldu gagnvart stefnanda. Það sé brot á málsmeðferðarreglum stjórnarsýslulaga. Stefnandi hafi aldrei fengið í hendur ákvörðun stefnda í kjölfar umsóknar stefnanda 31. október 2006 og hafi því ekki verið tilkynnt um ákvörðun stefnda. Stefnanda hafi heldur ekki verið leiðbeint um rétt til rökstuðnings eða málsskotsrétt samkvæmt samþykktum stefnda. Sé þetta raunar eitt og sér nægilegt til þess að ómerkja beri ákvörðunina.

Loks byggir stefnandi á því að ákvörðun stefnda hafi byggst á ófullnægjandi og ómálefnalegum sjónarmiðum og verulegir efnisannmarkar hafi verið á ákvörðun stefnda um orkutap stefnanda. Stefndi, eða trúnaðarlæknar fyrir hans hönd, hafi kosið að miða við lægri starfsorkuskerðingu en önnur læknisfræðileg gögn sýndu fram á. Slíkt mat fái ekki staðist og leiði til þeirrar niðurstöðu að sú trygging sem stefnandi taldi sig hafa aflað sér með skyldubundnum framlögum til stefnda hafi reynst lítills virði. Þau gögn sem sýni fram á að mat trúnaðarlækna sé rangt séu umsókn stefnanda um örorkulífeyri, þar sem fram komi að hún telji sig algerlega óvinnufæra, vottorð Árna Skúla Gunnarssonar, heimilislæknis stefnda, dags. 20. ágúst 2006 og 14. júlí 2008, sem staðfesti þetta, ítarleg greinargerð stefnanda dags. 2. september 2008, læknisvottorð Sigríðar Valtýsdóttur frá 4. desember 2009 og læknisvottorð Guðrúnar Rósu Sigurðardóttur, 11. desember 2009. Í vottorði Sigríðar komi fram að læknirinn telji stefnanda „algjörlega óvinnufæra“ og í vottorði Guðrúnar telji læknirinn stefnanda óvinnufæra frá árinu 2004. Allt að einu sé niðurstaða trúnaðarlæknis stefnda óbreytt starfsorkuskerðing en sú niðurstaða virðist byggð fyrst og fremst á vangaveltum um rétt stefnanda til greiðslna úr almannatryggingum, sem hafi enga þýðingu í málinu og sé ólögmeitt sjónarmið. Trúnaðarlæknir stefnda hafi fyrst hitt stefnanda 12. apríl 2010. Í matsgerð hans, dagsettri sama dag, sem byggir á framangreindum gögnum, er niðurstaðan allt að einu sú að starfsorkuskerðing stefnanda hafi verið 50% frá 31. ágúst 2008 en 75% frá 1. janúar 2010. Sú niðurstaða sé ekki í samræmi við fyrirliggjandi læknisvottorð en svo virðist sem trúnaðarlæknirinn hafi m.a. litið til þess hvort stefnandi gæti sinnt heimilisstörfum en það sé ekki málefnalegt sjónarmið í ljósi 2. másl. 4. mgr. 11. gr. laga nr. 155/1998 þar sem segi að miða verði við getu til fyrri starfa. Auk þess séu fullyrðingar um getu til heimilisstarfa rangar.

Samandregið telji stefnandi að trúnaðarlæknar stefnda hafi byggt á ófullnægjandi upplýsingum, m.a. þar sem þeir skoðuðu ekki stefnanda fyrr en í apríl 2010, komist að órökstuddum niðurstöðum í andstöðu við fyrirliggjandi gögn og byggt á röngum mælikvörðum um orkutap og ómálefnalegum sjónarmiðum við matið.

Þá byggir stefnandi á því að ákvörðun stefnda, sem fram komi í bréfi hans dagsettu 15. febrúar 2013, þar sem fram komi að stefndi telji starfsorkuskerðingu stefnanda rétt metna og hafa verið það frá upphafi og meðferð málsins hafi verið fullnægjandi, hafi engin áhrif á lögmæti ákvarðana hans á fyrri stigum enda geti stefndi ekki bætt úr fyrri annmörkum með afturvirkum hætti. Ekki sé hægt að taka ákvörðun aftur í tímann og veita hinni ólöglegu meðferð málsins einhvers konar lögmætt yfirbragð. Málsmeðferðin í máli stefnanda miðaði ætíð, eðli málsins samkvæmt, að því að leiða í ljós starfsorkuskerðingu stefnanda á hverjum tíma fyrir sig. Stefndi hafði til þess tiltekna aðferðir sem fram koma í lögum nr. 155/1998 en ekki verði á það fallist nú að stefndi geti tekið afstöðu til þess hvernig heilsufar hennar var í fortíðinni. Sú staðreynd að stefndi hafi stundað nám hluta af þeim tíma sem hún naut örorkubóta frá stefnda hafi ekki þýðingu um mat á starfsorkuskerðingu hennar. Samkvæmt lögum nr. 155/1998 hvílir sú skylda á stefnda að afla nauðsynlegra gagna um orkutap stefnanda. Stefndi verði að bera ábyrgð á því að hafa ekki farið að lögum við afgreiðslu málsins, þ.m.t. að axla sönnunarbyrði um heilsufar stefnanda á fyrri tíma. Öll sönnunarbyrði um að orkuskerðing stefnanda hafi verið önnur en 100% skerðing, svo sem læknisvottorð bera með sér, hvíli á stefnda.

Loks byggir stefnandi á því að réttindi stefnanda sem um er deilt í málinu njóti verndar 76. gr. stjórnarskrárinnar og teljist eignaréttindi í skilningi 72. gr. hennar. Ákvæði 76. gr. veiti stefnanda vernd gagnvart ákvörðunum stefnda sem gangi gegn markmiði ákvæðisins. Jafnframt verði til þess að líta að með málsmeðferð stefnda voru réttindi stefnanda skert en slík skerðing telst einungis lögmæt sé fyrir henni fullnægjandi lagastoð og að virtum reglum um meðalhóf og málefnaleg sjónarmið. Ekkert þessara skilyrða sé uppfyllt í málinu. Þá verði eignaréttindi hennar hvorki skert né takmörkuð nema á grundvelli skýrra lagaákvæða og að uppfylltum kröfum um rétta málsmeðferð.

Krafan byggist á því að málsmeðferð og ákvarðanatataka stefnda hafi verið í andstöðu við lög og stefndi verði að bera hallann af því. Stefnandi hafi lagt fram á sínum tíma gögn um starfsorkutap sitt sem sýna að mati stefnanda fram á fulla starfsorkuskerðingu, sbr. þau læknisvottorð sem lögð hafa verið fram í málinu og sýna fram á óvinnufærni stefnanda frá 2006. Telji stefndi að miða eigi við annað starfsorkuhlutfall ber stefndi sönnunarbyrði fyrir því.

Varakrafa stefnanda lýtur að því að, verði af einhverjum sökum ekki viðurkenndur réttur hennar til óskerts örorkulífeyris, verði dómstólar í það minnst að viðurkenna að ákvörðun stefnda um orkutap stefnanda og lífeyrisrétt hennar sé ógild af þeim sökum sem raktar hafa verið í stefnunni.

Þau lagarök sem stefnandi vísar til eru lög nr. 155/1998 um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, stjórnarsýslulög nr. 37/1993, almennar form- og efnisreglur stjórnarsýslu réttar og stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, einkum 76. gr. og 72. gr. Viðurkenningarkrafan byggir á 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um málskostnaðarkröfu er vísað til XXI. kafla sömu laga, einkum 130. gr. Kröfur um virðisaukaskatt eru byggðar á lögum nr. 50/1988 með síðari breytingum þar sem stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og er honum því nauðsynlegt að tekið sé tillit til skattsins við ákvörðun málskostnaðar.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir á því að hann sé lífeyrissjóður sem starfi samkvæmt lögum um skyldutryggingar lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 og lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, nr. 155/1998 og að af þessum lögum verði alls ekki leitt að stefndi sé stjórnvald. Af því leiði að stjórnarsýslulög, nr. 37/1993, taki ekki til starfsemi stefnda, nema að því leyti sem leiði af 30. gr. samþykta stefnda.

Í lögum nr. 155/1998 sé fjallað almennt um stefnda og starfsemi hans, en í þeim sé honum ekki ætlað annað hlutverk en öðrum lífeyrissjóðum, þó að honum sé vissulega ætlað að vera „... lífeyrissjóður þeirra sem ekki eiga vísa aðild að öðrum sjóðum“, eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpi að lögnum. Stefndi hafnar því að það hlutverk leiði til þess að líta beri á hann sem stjórnvald í skilningi stjórnarsýslulaga fremur en aðra lífeyrissjóði. Þá sé stefnda falið tiltekið hlutverk samkvæmt X. kafla laganna, þegar öðrum lífeyrissjóði er skipaður

umsjónaraðili og þegar lífeyrissjóði er slitið. Stefndi telur að hvorug þessara lögbundnu verkefna gefi tilefni til að komist sé að þeirri niðurstöðu að sjóðurinn sé stjórnvald, að minnsta kosti ekki í því samhengi sem hér er til skoðunar. Í báðum tilvikum beri stefnda að starfa með nákvæmlega sama hætti og aðrir lífeyrissjóðir og lögin setji því sama ramma um starfsemi stefnda og almennt gildir um lífeyrissjóði. Þá sé einnig byggt á því að stefnandi hafi á engan hátt verið þvinguð til aðildar að stefnda, umfram hina almennu lagaskyldu til aðildar að lífeyrissjóði.

Stefndi byggir á því að allar ákvarðanir, um við hvaða starfsorkuskerðingu stefnanda ætti að miða greiðslur til hennar, hafi verið teknar af stefnda þótt vissulega sé rétt að álit trúnaðarlækna stefnda hafi vegið þar þungt. Stefndi hafi því ekki framselt vald sitt.

Stefndi hafnar því að mál stefnanda hafi ekki verið nægilega rannsakað og upplýst þegar ákvarðanir hafi verið teknar og það sé rangt og ósannað að stefndi hafi ekki haft öll gögn málsins undir höndum við ákvarðanatöku.

Stefndi byggir á því að við ákvarðanir í máli stefnanda hafi lögmæt sjónarmið og rétt viðmið verið viðhöfð, meðal annars hafi verið miðað við og tekið tillit til ákvæða 4. mgr. 11. gr. laga nr. 155/1998.

Þá hafi Greiðslustofa lífeyrissjóða tilkynnt stefnanda um ákvarðanir stefnda.

Vegna óska stefnanda um rökstuðning hafi stefndi falið trúnaðarlækni sínum að svara stefnanda vegna læknisfræðilegra þátta við mat á skerðingu starfsorku. Það hafi stefnda verið heimilt og gert í þeim tilgangi að veita stefnanda sem fyllst og gleggst svör við spurningum sínum, en enginn læknisfræðimenntaður starfsmaður sé hjá stefnda.

Við ákvörðun stefnda frá 15. febrúar 2013 hafi verið tekið tillit til þeirra atriða sem umboðsmaður Alþingis hafi gagnrýnt í álitu sínu. Sú ákvörðun hafi verið tekin að ósk stefnanda. Vegna meðferðar málsins hafi stefnanda verið send öll gögn málsins og henni veitt tækifæri til að koma á framfæri andmælum sínum. Þannig hafi verið gætt allra málsmeðferðarreglna stjórnslulaga, nr. 37/1993, við afgreiðslu óskar stefnanda. Framangreind ákvörðun stefnda hafi verið tekin eftir ósk stefnanda, sem geti ekki fengið hana ógilta af þeim sökum að hún sé ekki þess efnis sem hún krafðist eða vonir hennar hafi staðið til, að minnsta kosti ekki án þess að hnekkja henni með rökstuddum gögnum. Ákvörðun stefnda sé meðal annars tekin á grundvelli sjö álita trúnaðarlækna sjóðsins sem taki mið af skyldum stefnda. Stefnandi hafi ekki lagt fram nein gögn sem hnekkji þessum álitum, eða leggi mat á skerðingu á starfsorku hennar út frá skyldum stefnda.

Þá leiði engin lög eða rök til þess, að þótt málsmeðferðarreglur kunni að hafa verið brotnar í fyrri ákvörðunum stefnda, að stefnandi eigi að fá þá afgreiðslu erindis síns sem stefnandi telur sér henta.

Um lagarök vísar stefndi til laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, nr. 155/1998, laga um skyldutryggingar lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 og XXI. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

Niðurstaða

Í máli þessu er uppi ágreiningur um það hvort starfsorkuskerðing stefnanda hafi verið rétt metin af stefnda og hvort hún hafi fengið þær greiðslur úr örorkutryggingu sem henni bar. Stefnandi byggir á því að hún hafi átt rétt til örorkulífeyris miðað við 100% starfsorkuskerðingu frá 31. ágúst 2006 en stefndi greiddi henni bætur frá þeim tíma miðað við 50% starfsorkuskerðingu fram til 1. janúar 2010 en frá þeim tíma hefur hann miðað við 75% skerðingu á starfsorku. Þá er ágreiningur um málsmeðferð stefnda og hvaða reglur gildi um hana.

Stefnandi byggir aðal- og varakröfu sína á því að stefndi hafi brotið bæði form- og efnisreglur stjórnsluréttar við undirbúning og töku ákvörðunar um réttindi stefnanda. Stefnandi byggir á því að hann sé ekki stjórnvald í skilningi 2. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Af því leiði að reglur stjórnsluréttarins eigi ekki við um meðferð málsins að öðru leyti en því sem leiði af 30. gr. samþykktu stefnda þar sem kveðið er á um að beita skuli reglum stjórnsluréttar við úrlausn ágreiningsmála.

Áður en leyst verður úr frekari ágreiningi aðila um ætluð brot á málsmeðferðarreglum er nauðsynlegt að taka afstöðu til þess hvort stefndi sé stjórnvald og um gildi ákvæða stjórnslulaga og annarra reglna á því réttarsviði varðandi ágreining aðila, umfram það sem leiðir af 30. gr. samþykktu stefnda.

Hæstiréttur hefur fjallað um það álitæfni hvort lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins teljist stjórnvald. Hefur dómurinn komist að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki, sbr. dóm réttarins í máli nr. 352/2012 frá 31. janúar 2013. Að sömu niðurstöðu komst Hæstiréttur í máli nr. 286/2007 frá 17. janúar 2008 hvað varðar lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar. Með vísan til þessara dóma verður að telja að stefndi, líkt og framangreindir lífeyrissjóðir, sé ekki stjórnvald í skilningi laga nr. 37/1993. Lagaumgjörð og verkefni stefnda eru öllum atriðum sem máli skipta sambærileg þeim sem eiga við um framangreinda lífeyrissjóði. Að mati dómsins hefur það ekki áhrif á þessa niðurstöðu hvernig skylduaðild að sjóðnum er afmörkuð, en hún nær til þeirra sem ekki hafi fullnægt tryggingarskyldu sinni með aðild að öðrum lífeyrissjóði og greiðslu iðgjalds til hans sbr. 2. gr. laga nr. 155/1998 og 5. mgr. 6. gr. laga nr. 129/1997 eða það að í undantekningartilvikum geti fólk öðlast lífeyrisréttindi í stefnda við slit annars lífeyrissjóðs sbr. X. kafla laga nr. 129/1997. Þá er heldur ekki fallist á að skipan stjórnar, en ráðherra skipar sjö menn í stjórn stefnda og þar af þrjá án tilnefningar, sé með þeim hætti að leiða eigi til þess að stefndi teljist stjórnvald enda getur það atriði eitt ekki ráðið úrslitum um mat á stjórnskipulegri stöðu fyrirtækis eða stofnunar. Við úrlausn þessa máls verður því lagt til grundvallar að þær reglur sem gildi um sjóðinn, séu fyrst og fremst ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lög nr. 155/1998 um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda auk samþykktu sjóðsins. Núverandi samþykktir sjóðsins eru frá 14. maí 2012 en efnislega voru þær reglur sem máli skipta þær sömu á þeim tíma sem atvik máls þessa áttu sér stað. Í 1. mgr. 30. gr. samþykktu sjóðsins segir að um málsmeðferð í ágreiningsmálum sjóðfélaga gagnvart stefnda gildi ákvæði stjórnslulaga, eftir því sem við eigi, svo sem um birtingu ákvörðunar, rökstuðning og endurupptöku.

Í aðalkröfu stefnanda felst að krafist er viðurkenningar á því að hún eigi rétt til örorkulífeyris miðað við 100% starfsorkuskerðingu. Byggir hún þessa kröfu á því að ákvörðun stefnda um annað og lægra starfsorkuviðmið sé haldið fjölmörgum formgöllum auk þess sem hún sé efnislega röng. Kveður stefnandi að gögn málsins beri með sér að skerðing á starfsorku hennar sé og hafi frá upphafi lífeyrisgreiðslna verið 100%. Áður en tekin verður afstaða til þess hvort ákvörðun stefnanda hafi verið efnislega röng verður fyrst litið til þeirra málsástæðna sem varða formlega galla á meðferð umsóknar hennar til stefnda og hvaða afleiðingar þær hafa á ákvörðun sjóðsins.

Í fyrsta lagi byggir stefnandi á því að stefndi hafi ekki rannsakað mál hennar með fullnægjandi hætti áður en starfsorkuskerðing hennar var metin. Tengt þessari málsástæðu er önnur málsástæða þess efnis að stefnda hafi verið óheimilt að leggja álit trúnaðarlæknis til grundvallar mati sínu á starfsorkuskerðingu hennar. Í því hafi falist ólögmaett framsal valds og skort hafi á að stefndi legði skyldubundið mat á starfsorku stefnanda.

Með hliðsjón af tilgangi stefnda sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 155/1998 og almennum jafnræðissjónarmiðum ber honum að leggja til grundvallar ákvörðunum sínum fullnægjandi og réttar upplýsingar áður en ákvörðun er tekin um réttindi sjóðfélaga. Þá er í 4. mgr. 11. gr. laganna kveðið á um hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skuli ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og að fengnu álit trúnaðarlæknis sjóðsins. Stefnandi staðhæfir að þetta hafi ekki verið gert og ber stefnandi sönnunarbyrðina fyrir þeirri staðhæfingu sinni.

Til stuðnings staðhæfingunni vísar stefnandi einkum til þess að trúnaðarlæknir stefnda hafi ekki kallað hana til skoðunar þegar fyrstu þrjár matsgerðirnar voru unnar og að það hafi verið trúnaðarlæknirinn en ekki starfsmenn stefnda sem mátu önnur læknisfræðileg gögn sem lágu til grundvallar mati á starfsorkuskerðingu stefnanda. Í þessu sambandi verður að mati dómsins að líta til þess að matsgerð trúnaðarlæknis felur í sér mat á læknisfræðilegri örorku. Slíkt mat verður eðli málsins samkvæmt að vera gert af sérfræðingi á því sviði. Af málalíbúnaði stefnanda verður ráðið að byggt sé á því að stefnda, eftir atvikum stjórn hans, hafi borið að meta læknisfræðilega örorku hennar sjálfstætt. Á þetta er ekki fallist. Verður við það að miða að fullnægjandi rannsókn á því atriði felist í því að afla matsgerðar trúnaðarlæknis sem ber við gerð þess að skoða og meta þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir. Stefnanda ber sem umsækjanda um lífeyri að láta slík gögn í té sbr. 6. mgr. 11. gr. samþykkt sjóðsins. Í málinu liggur ekki annað fyrir en að trúnaðarlæknar stefnda hafi haft undir höndum öll viðeigandi gögn sem til voru um stefnanda þegar matsgerðir voru unnar. Þá er ekki fallist á að trúnaðarlækni hafi borið skylda til að skoða stefnanda heldur verður að telja að það sé háð mati læknis á atvikum hverju sinni hvort slík rannsókn teljist nauðsynleg, sbr. til hliðsjónar 3. gr. reglugerðar 379/1999, um örorkumat. Stefnandi hefur ekki fært viðhlítandi rök fyrir því að sú rannsókn hafi verið nauðsynleg eða hverju hún hefði breytt varðandi niðurstöðuna í fyrstu matsgerðinni frá 17. janúar 2007 eða þeim sem síðar voru gerðar án þess að læknisskoðun trúnaðarlæknis færi fram. Þá hefur stefnandi ekki lagt fram eða vísað til gagna sem hafi verið tiltæk en ekki skoðuð af trúnaðarlækni, hvorki hvað varðar framangreinda matsgerð frá 17. janúar 2007, né hinar sex matsgerðirnar sem gerðar voru á tímabilinu janúar 2007 til

febrúar 2012. Með framangreindum rökstuðningi er hvorki fallist á að ákvörðun um starfsorkuskerðingu stefnanda hafi byggst á ófullnægjandi rannsókn né að stefnda hafi verið óheimilt að leggja matsgerð trúnaðarlækna til grundvallar ákvörðun um hundraðshluta starfsorkuskerðingar eða tímasetningu hennar.

Þá byggir stefnandi á því að stefndi hafi brotið gegn andmælarétti hennar, ekki tilkynnt henni um ákvarðanir sínar eða afhent gögn þótt ítrekað hafi verið leitað eftir því auk þess sem stefndi hafi hvorki rökstutt ákvarðanir sínar né veitt henni leiðbeiningar.

Í 5. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997 er kveðið á um skyldu stefnda til að rökstyðja ákvarðanir sínar. Þá er, eins og að framan greinir, kveðið nánar á um málsmeðferðarreglur í samþykktum stefnda. Í 1. mgr. 30. gr. samþykktanna segir að um málsmeðferð í ágreiningsmálum sjóðfélaga gagnvart stefnda gildi ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 eftir því sem við eigi, svo sem um birtingu ákvörðunar, rökstuðning og endurupptöku. Í 2. mgr. segir m.a. að sjóðfélagi sem ekki vilji una úrskurði sjóðsstjórnar, sem hann hafi skotið til hennar, geti vísað máli til gerðardóms og niðurstaða gerðardóms sé bindandi fyrir báða aðila málsins. Þá er í ákvæðinu fjallað um skyldu sjóðstjórnar til endurupptöku málsins. Þótt ákvæði 30. gr. sé ekki ítarlegt varðandi úrlausnarleiðir innan sjóðsins verður að gera ráð fyrir því, með hliðsjón af orðalagi í 2. mgr. 30. gr., að sjóðfélagi geti skotið ákvörðunum sjóðsins til stjórnar hans og úrskurði sjóðstjórnar sé unnt að skjóta til gerðardóms. Forsenda þess að sjóðfélagi sé unnt að nýta sér framangreind endurskoðunarúrræði er sú að honum sé kunnugt um ákvarðanir stefnda og þau gögn sem hún byggist á og jafnframt að hann hafi upplýsingar um þessi úrræði. Fallist er á það með stefnanda að í máli þessu hafi orðið misbrestur á því að þessa hafi verið gætt. Þegar upphafleg ákvörðun stefnda er skoðuð, þ.e. þegar hann hóf að greiða stefnanda lífeyri í ársbyrjun 2007 í kjölfar umsóknar hennar frá 17. október 2006, má sjá að stefnanda var hvorki kynnt niðurstaða matsgerðar trúnaðarlækni né ákvörðun stefnda um greiðslu lífeyris á grundvelli hennar. Ekki er fallist á það með stefnda að greiðsluseðlar frá Greiðslustofu lífeyrissjóða feli í sér fullnægjandi upplýsingar um þessi atriði. Þá er heldur ekki að sjá í gögnum málsins að stefnandi hafi verið upplýst um rétt sinn til að fá ákvörðunina rökstudda eða að henni hafi verið kynntur möguleiki á að leita endurskoðunar á henni. Stefndi hefur ekki lagt fram nein gögn sem sýna fram á að hann hafi með fullnægjandi hætti kynnt henni þau gögn sem ákvarðanir hans byggðu á eða veitt henni rökstuðning eða leiðbeiningar um málsmeðferð ágreiningsmála fyrr en við undirbúning ákvörðunar hans í febrúar 2013. Þá verður að telja að það sé ekki í samræmi við málsmeðferðarreglur 30. gr. samþykta sjóðsins og stjórnarsýslureglur sem þar er vísað til að fela trúnaðarlækni einum að veita stefnanda rökstuðning fyrir ákvörðun sinni en sjá má af bréfaskiptum stefnanda við sjóðinn að stefndi hefur látið við það sitja að vísa erindum hennar sem hún beindi til stefnda til trúnaðarlækni. Það var ekki fyrr en að gengnu álitum umboðsmanns Alþingis í máli stefnanda síðla árs 2012, sem stefndi sendir stefnanda öll gögn málsins, gaf henni færi á að koma að andmælum og upplýsingum og veitti henni jafnframt upplýsingar um leiðir til að fá boðaða ákvörðun endurskoðaða. Að mati dómsins bar stefnda á grundvelli 30. gr. samþykta sinna, þegar í upphafi máls að gera stefnanda grein fyrir ákvörðun sinni, kynna henni þau gögn sem málið byggðist á, benda henni á rétt til frekari rökstuðnings frá stefnda sjálfum og veita upplýsingar um leiðir til að fá ákvörðun endurskoðaða. Sama á við um allar síðari ákvarðanir stefnda gagnvart stefnanda. Ekki verður hins vegar séð að þörf hafi verið á að gefa stefnanda færi á að neyta

andmælaréttar áður en ákvörðun um greiðslu örorkulífeyris var tekin enda byggist ákvörðunin á umsókn hennar sjálftrar og gögnum sem hún leggur fram eða heimilar stefnda að afla auk þess sem áhöld eru um hvort ákvörðun um að greiða stefnanda örorkulífeyri teljist íþyngjandi ákvörðun.

Loks byggir stefnandi á því að ákvarðanir stefnda hafi byggst á ófullnægjandi og ómálefnalegum sjónarmiðum. Telur hann upphafleg ákvörðun stefnda, byggð á fyrstu matsgerð trúnaðarlæknis um 50% starfsorkuskerðingu, hafi verið efnislega röng þar sem mat trúnaðarlæknis hafi verið í andstöðu við fyrirbyggjandi gögn sem stefnandi staðhæfir að hafi falið í sér sönnun þess að starfsorkuskerðing hennar hafi verið 100%. Sama megi segja um allar síðari ákvarðanir stefnda sem byggðu á endurmati trúnaðarlækna sem að framan hefur verið getið. Þá hafi trúnaðarlæknar við síðari mót stuðst við ómálefnaleg sjónarmið þar sem þeir hafi litið til fleiri atriði en getu hennar til fyrri starfa, svo sem getu hennar til heimilisstarfa, og hafi auk þess vísað til niðurstöðu úrskurðarnefndar Almannatrygginga um örorkustig stefnanda. Ólögætt hafi verið að líta til þessara sjónarmiða.

Stefnandi styður staðhæfingar sínar um fulla óvinnufærni við fjölda læknisvottorða, sem lögð voru fram við gerð framangreindra matsgerða trúnaðarlækna, sem hún kveður sanna að matsgerðir trúnaðarlæknanna hafi verið rangar. Á þetta felst dómurinn ekki. Vottorð þessi geta að mati dómsins ekki, án frekari gagna, hnekt matsgerðum trúnaðarlækna stefnda. Þeim læknum sem rituðu umrædd vottorð var ekki falið að meta starfsorkuskerðingu stefnanda með hliðsjón af reglum um rétt til lífeyrisgreiðslna frá stefnda. Þá er efni þeirra í fæstum tilvikum þannig að hægt sé að draga af þeim áreiðanlega ályktun um hlutfall starfsorkuskerðingar stefnanda. Þannig er í hluta vottorðanna ekki getið um mat viðkomandi lækna á starfsorkuskerðingu stefnanda og í öðrum er að finna misræmi við það sem ráða má af öðrum gögnum málsins, svo sem í vottorði Guðrúnar Rósu Sigurðardóttur frá 11. desember 2009, þar sem segir að stefnandi hafi verið óvinnufær með öllu frá árinu 2004 þegar fyrir liggur að stefndi var í vinnu til loka ágúst 2006. Stefnandi hefur hvorki aflað matgerðar dómkvaddra matsmanna né með öðrum hætti leitast við að styðja staðhæfingu sína um fulla óvinnufærni fullnægjandi sönnunargögnum. Þá veita önnur gögn málsins, svo sem um atvinnuþátttöku og námsferil stefnanda á þeim árum sem máli skipta og örorkumat Tryggingastofnunar fyrir sama tímabil heldur ekki vísbendingar sem styðja staðhæfingu stefnanda.

Hvað varðar þá málsástæðu stefnanda að trúnaðarlæknum hafi verið óheimilt að líta til annarra atriða varðandi heilsufar stefnanda en færni hennar til fyrri starfa ber að líta til þess að í síðari málslið 4. mgr. 11. gr. laga nr. 155/1998 er kveðið á um það að við mat á orkutapi fyrstu fimm árin skuli aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi sem hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Starfið stefnanda sem miða ber við var bókhaldsstarf í banka. Ekki er fallist á að í framangreindu ákvæði felist að óheimilt sé með öllu að líta til annarra atriða og styðst sú staðhæfing ekki við orðalag framangreinds lagaákvæðis þar sem segir að aðallega skuli líta til fyrri starfs. Þau sjónarmið sem stefnandi telur að hafi verið ómálefnaleg lúta að getu hennar til að sinna heimilisstörfum og niðurstöðu örorkumats Tryggingastofnunar. Að mati dómsins getur það ekki talist ómálefnalegt að líta til þessara atriða enda ekki í ljós leitt að matsgerðirnar hafi ekki fyrst og fremst miðað við til getu hennar til að sinna fyrri starfi. Þá verður

ekki annað séð að trúnaðarlæknar stefnda hafi sjálfir lagt mat á orkuskerðingu stefnda út frá reglum sjóðsins þótt úrskurðir úrskurðarnefndar Almannatrygginga verið víða getið í matsgerðum. Er samkvæmt framansögðu ekki fallist á að í álitum trúnaðarlækna stefnda felist vísbendingar um að byggt hafi verið á ómálefnalegum sjónarmiðum.

Svo sem að framan hefur verið rakið, fellst dómurinn á það með stefnanda að hnökror hafi verið á málsmeðferð stefnda við afgreiðslu á umsókn stefnanda um örorkulífeyri. Úr því bætti stefnandi þó á síðari stigum málsins, þ.e. þegar umsókn stefnanda var tekin til afgreiðslu á ný eftir að álit umboðsmanns Alþingis vegna kvörtunar hennar lá fyrir. Þrátt fyrir niðurstöðu dómsins um framangreinda galla á málsmeðferð geta þeir gallar ekki með réttu leitt til þess að aðalkrafa stefnanda, um greiðslu fulls lífeyris miðað við 100% starfsskerðingu frá 31. ágúst 2006, verði tekin til greina.

Á grundvelli allra framlagðra gagna er vafalaust að stefnandi hefur átt við langvarandi veikindi að stríða. Ágreiningurinn í máli þessu lítur hins vegar að því hvort hún hafi með öllu verið óvinnufær eða haft nokkra starfsorku. Með vísan til þess sem að framan er rakið verður að telja að stefnda hafi ekki fært sönnur á að mat stefnda á starfsorkuskerðingu hennar, sem byggt er á matsgerðum trúnaðarlækna stefnda, sé haldið efnislegum annmörkum en sönnunarbyrðin um þá staðhæfingu hvílir á stefnanda.

Með framangreindum rökstuðningi verður stefndi því sýknaður bæði af aðal- og varakröfu stefnanda.

Með hliðsjón af atvikum máls er rétt að málskostnaður verði látinn falla niður. Stefnandi nýtur gjafsóknar. Allur gjafsóknarkostnaður hennar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun til lögmanns hennar Sigurðar Arnar Hilmarssonar, sem telst hæfilega ákveðin 650.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

D Ó M S O R Ð :

Stefndi, Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, er sýkn af kröfum stefnanda, A. Málskostnaður fellur niður. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun Sigurðar Arnar Hilmarssonar hdl. 650.000 krónur.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir